

REGLUR UM DOKTORSNÁM VIÐ LAGAEILD HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK (HR)

1. gr. Doktorsnám Ph.D.

Lagadeild Háskólans í Reykjavík býður upp á doktorsnám í lögum. Prófgráðuheiti er Ph.D. í lögfræði (*Philosophiae Doctor*).

2. gr. Stjórnskipulag doktorsnáms

Rannsóknarráð lagadeildar fer með málefni doktorsnáms við deildina. Rannsóknarráð skal í samráði við leiðbeinendur fylgjast með þróun doktorsnáms á alþjóðavettvangi og hafa eftirlit með gæðum námsins í ljósi hennar. Tryggt skal að gæði doktorsnáms við lagadeild Háskólans í Reykjavík standist alþjóðlegan samanburð.

3. gr. Inntak doktorsnáms

Með doktorsnámi við lagadeild Háskólans í Reykjavík er stefnt að því að þjálfa doktorsnema til rannsóknar- og kennslustarfa og annarra starfa sem krefjast mikillar vísindalegrar þjálfunar og þekkingar. Náminu er ætlað að dýpka fræðilega og aðferðafræðilega þekkingu doktorsnema í því skyni að gera þá hæfa til að vinna sjálfstætt og ígrundað á fræðasviðinu.

Til að uppfylla kröfur til að öðlast doktorsgráðu frá lagadeild Háskólans í Reykjavík skal doktorsnemi undir leiðsögn hafa unnið vísindalegar rannsóknir sem fela í sér sjálfstætt framlag til þekkingarsköpunar á sviði lögfræði. Doktorsgráðu skal því aðeins veita að doktorsnemi hafi unnið sjálfstæðar frumlegar rannsóknir sem hafi nægjanlegt nýnæmi og vísindalegt gildi og séu af nægu umfangi til þess að verðskulda gráðuna.

Við lok doktorsnáms eiga doktorsnemar að hafa tileinkað sér eftirfarandi þekkingu og hæfni:

- Almenna þekkingu og yfirsýn yfir fræðikerfi lögfræðinnar og öll helstu réttarsvið.
- Sérfræðiþekkingu á því réttarsviði eða þeim réttarsviðum sem fengist er við.
- Þekkingu á aðferðafræði lögfræðilegra rannsókna og færni í beitingu vísindalegra vinnubragða.

- Færni til þess að móta, skipuleggja og framkvæma sjálfstæðar vísindalegar rannsóknir á sviði lögfræði.
- Færni til þess að leggja af mörkum sjálfstætt frumlegt framlag til þekkingarsköpunar á sviði lögfræði.
- Færni til gagnrýnninnar greiningar og mats á viðfangsefnum lögfræðinnar.
- Færni til að tjá niðurstöður rannsókna og búa þær til birtingar á ritrýndum vettvangi.
- Færni til að miðla niðurstöðum rannsókna og þekkingu á réttarsviðinu til nemenda.
- Færni til þess að gegna vísindastörfum og hagnýtum störfum þar sem krafist er beitingar vísindalegra vinnubragða.
- Færni til þess að efla nýsköpunar- og frumkvöðlastarf á sínu fræða- eða starfssviði.

Um nánari lýsingu á inntaki doktorsnáms vísast til viðmiða um doktorsnám (Ph.D.) í lögfræði við Háskólann í Reykjavík.

4. gr. Einingar og námstími

Doktorsnám við lagadeild Háskólans í Reykjavík er fullt nám í þrjú ár og svarar til 180 staðlaðra námseininga.

Nemandi í doktorsnámi skal ljúka námi eigi síðar en fimm árum eftir innritun. Þegar sérstök ástæða er til getur doktorsnemi sótt um undanþágu frá þessu til rannsóknarráðs.

5. gr. Umsóknir og inntökuskilyrði

Þeir einir geta hafið doktorsnám við lagadeild Háskólans í Reykjavík sem hafa lokið meistaranámi á háskólastigi í lögfræði eða skyldum greinum (ML gráðu eða sambærilegri gráðu).

Umsækjendur þurfa að hafa sýnt afburðaárangur í námi og/eða starfi og vera líklegir til að geta tekið frumkvæði í þekkingarsköpun á sviði vísinda eða atvinnulífs.

Umsóknum skal skilað á sérstöku eyðublaði sem er aðgengilegt á vef Háskólans í Reykjavík. Umsókn skal skilað til rannsóknarráðs lagadeildar. Með umsókn skulu fylgja afrit af prófskírteinum, feril- og ritaskrá ásamt drögum að rannsóknaráætlun. Umsækjandi skal tilgreina sérstaklega óskir sínar um leiðbeinanda og skal umsókn og rannsóknaráætlun samþykkt af honum. Leiðbeinanda er ekki skylt að taka að sér leiðsögn doktorsnema nema hugmyndir doktorsnema um viðfangsefni falli að rannsóknnum og rannsóknaráhuga leiðbeinandans.

Í drögum að rannsóknaráætlun skal umsækjandi gera grein fyrir viðfangsefni sínu, þ.m.t. hvaða álitafnum verður leitast við að svara, hver er tilgangurinn með því að leita svara við álitafnunum, hvaða rannsóknaraðferðum umsækjandi hyggst beita og hvers vegna, og hvar umsækjandi hyggst leita fanga um efnivið og heimildir. Þá skal þar sett fram sundurliðuð verk- og tímaáætlun. Í drögum að rannsóknaráætlun skal einnig koma fram með hvaða hætti umsækjandi telur að rannsóknin muni geta falið í sér sjálfstætt framlag til þekkingarsköpunar á sviði lögfræði. Drög að rannsóknaráætlun skulu vera að hámarki 5 bls. að lengd.

Rannsóknarráð leggur mat á hæfni umsækjenda og gerir tillögu til deildarforseta um það hvort veita skuli inngöngu í doktorsnám. Við mat rannsóknarráðs á umsóknum skal byggt á menntun og reynslu umsækjenda ásamt framlögðum drögum að rannsóknaráætlun. Einnig skal á því byggt hvort rannsóknarumhverfi deildar og fjárhagsstaða geri kleift að taka við doktorsnema á því sviði sem óskað er eftir. Gæta skal málefnalegra sjónarmiða og jafnréttis kynjanna við val á umsækjendum til inngöngu í doktorsnám.

Umsókn um inngöngu í doktorsnám skal svarað innan tveggja mánaða frá því að hún var lögð fram. Sé umsókn um inngöngu í doktorsnám hafnað skal láta skriflegan rökstuðning fylgja ákvörðuninni.

6. gr. Leiðbeinendur og doktorsnefnd

Deildarforseti skipar doktorsnema leiðbeinanda samkvæmt tilnefningu rannsóknarráðs. Hlutverk leiðbeinanda er að leiðbeina doktorsnema í rannsóknarvinnunni, fylgjast með framvindu námsins og hafa eftirlit með gæðum rannsóknarvinnunnar.

Eftirtaldir faglegar kröfur eru gerðar til leiðbeinenda:

- Leiðbeinandi skal hafa doktorsgráðu.
- Leiðbeinandi skal vera aðjúnkt, sérfræðingur, lektor, dósent eða prófessor við Háskólann í Reykjavík.
- Þess skal gætt að rannsókn doktorsnema sé á sérsviði leiðbeinanda. Leiðbeinandi skal vera virkur þátttakandi í rannsóknasamfélaginu og viðurkenndur sérfræðingur á sínu sérsviði. Við mat á því skal t.d. litið til ritvirkni og þess að leiðbeinandi hafi reynslu af alþjóðlegu rannsóknarsamstarfi og fjármögnun rannsóknarverkefna.

Heimilt er að skipa doktorsnema fleiri en einn leiðbeinanda. Ef leiðbeinendur eru fleiri en einn skal annar þeirra vera aðalleiðbeinandi. Skal aðalleiðbeinandi þá vera aðjúnkt, sérfræðingur, lektor, dósent eða prófessor við Háskólann í Reykjavík og uppfylla að öðru leyti allar ofangreindar faglegar kröfur til leiðbeinenda. Varðandi aðra leiðbeinendur er heimilt að víkja frá skilyrði um doktorsgráðu og/eða framangreind tengsl við Háskólann í

Reykjavík. Að minnsta kosti einn leiðbeinandi doktorsnema skal hafa reynslu af handleiðslu í doktorsnámi eða umfangsmikla reynslu af handleiðslu á meistarastigi.

Gerður skal samningur á milli doktorsnema og leiðbeinanda um framvindu námsins og réttindi og skyldur doktorsnema annars vegar og leiðbeinanda og skóla hins vegar. Doktorsnemi á rétt á leiðsögn í allt að 30 tíma á önn.

Deildarforseti skipar hverjum doktorsnema doktorsnefnd (dómnefnd) samkvæmt tilnefningu rannsóknarráðs. Hlutverk doktorsnefndar er að leggja mat á endanlega rannsóknaráætlun, láta í té rökstutt álit sitt á því hvort doktorsritgerð sé tæk til varnar og taka endanlega ákvörðun um veitingu doktorsgráðu. Doktorsnefnd má fela fleiri verkefni í samráði við leiðbeinanda og rannsóknarráð.

Í doktorsnefnd skulu sitja 3 fræðimenn sem eru virkir þátttakendur í rannsóknasamfélaginu og viðurkenndir sérfræðingar á viðkomandi fræðasviði. Við mat á því skal litið til þeirra faglegu krafna sem gerðar eru til leiðbeinanda. Að minnsta kosti einn doktorsnefndarmanna skal hafa lokið doktorsprófi. Þá skal að minnsta kosti einn doktorsnefndarmaður starfa utan deildar og annar erlendis, sé þess nokkur kostur. Leiðbeinandi eða leiðbeinendur, séu þeir fleiri en einn, eiga ekki sæti í doktorsnefndinni.

7.gr.

Námsferli, doktorsritgerð og doktorsvörn

Doktorsnám við lagadeild Háskólans í Reykjavík byggist aðallega á rannsóknarstarfi doktorsnema undir leiðsögn leiðbeinanda og lýkur með doktorsritgerð sem lögð er fram til doktorsvarnar.

Doktorsnemi í doktorsnámi við lagadeild Háskólans í Reykjavík skal dvelja við deildina í a.m.k. 18 mánuði af námstímanum, en dvelja jafnframt við erlenda háskólastofnun í allt að 6 mánuði. Í algerum undantekningartilvikum og með samþykki bæði leiðbeinanda og rannsóknarráðs er heimilt að veita undanþágu frá þessu.

Doktorsnemar skulu ljúka því sem nemur 30 stöðluðum námseiningum með þátttöku í námskeiðum og/eða rannsóknarmálstofum sem auka hæfni þeirra til að vinna að rannsókninni og sinna rannsóknum og kennslu á sínu sérsviði. Skulu þetta einkum vera sérstök námskeið ætluð doktorsnemum hjá Háskólanum í Reykjavík eða samstarfsskólum hans. Heimilt er með samþykki leiðbeinanda að ljúka allt að 15 stöðluðum námseiningum með þátttöku í námskeiðum eða rannsóknarmálstofum á meistarastigi. Í algerum undantekningartilvikum og með samþykki bæði leiðbeinanda og rannsóknarráðs er heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum þessarar málsgreinar.

Hafi umsækjandi ekki lokið fullnaðarprófi í lögfræði (þ.e. bæði BA og ML gráðu á sviði lögfræði) eða ef sérstakar aðstæður gefa tilefni til geta leiðbeinandi og rannsóknarráð gert kröfu um að umsækjandi ljúki allt að 30 stöðluðum námseiningum í nánar tilteknum

námskeiðum til viðbótar við þær einingar sem öllum doktorsnemum ber að ljúka skv. 3. mgr. þessarar greinar.

Við lok fyrsta námsárs skal nemandi skila fullbúinni rannsóknaráætlun, sem samþykkt hefur verið af leiðbeinanda, til doktorsnefndar. Í rannsóknaráætlun skal koma fram samantekt á stöðu þekkingar og færni á viðkomandi sérsviði. Þá skal þar koma fram tillaga doktorsnema að rannsókn (einni eða fleiri) sem lögð verður til grundvallar doktorsritgerð og fjallað ítarlega um öll sömu atriði og í drögum að rannsóknaráætlun skv. 5. gr. Fullbúin rannsóknaráætlun skal vera að hámarki 20 bls. að lengd.

Doktorsnefnd leggur mat á rannsóknaráætlun og skal byggja matið á því hvort rannsóknaráætlun endurspegli nægilega sérþekkingu nemanda, hvort rannsókn(ir) nemanda séu framkvæmanlegar og hvort nýnæmi og fræðilegt mikilvægi verkefnisins séu fullnægjandi. Í undantekningartilvikum er heimilt að veita doktorsnema viðbótarfrest til framlagningar rannsóknaráætlunar.

Við lok hvers námsárs eftir framlagningu fullbúinnar rannsóknaráætlunar skal doktorsnemi skila framvinduskýrslu, sem samþykkt hefur verið af leiðbeinanda, til rannsóknarráðs.

Áður en doktorsritgerð er varin og námi lokið skal doktorsnemi halda tvo opna fyrirlestra á vegum lagadeildar Háskólans í Reykjavík. Ef efni ritgerðarinnar og staða þekkingar á viðkomandi sviði gefa tilefni til má doktorsnemi með samþykki leiðbeinanda þess í stað halda málstofu um ritgerðina eða afmörkuð efni hennar.

Þegar doktorsnemi hefur lokið dvöl við erlenda háskólastofnun, lokið tilskildum námseiningafjölda með þátttöku í námskeiðum og/eða rannsóknarmálstofum, flutt tvo opna fyrirlestra eða haldið málstofu um efni rannsókna sinna og lokið rannsóknnum sínum leggur hann fram doktorsritgerð til varnar. Doktorsritgerðin skal vera sjálfstæð ritsmíð sem felur í sér framlag til þekkingarsköpunar á fræðasviðinu. Meginreglan er að doktorsritgerð sé eitt heildstætt verk, u.þ.b. 200-300 bls. að lengd. Heimilt er einnig að leggja fram fleiri en eina tímaritsgrein sem mynda efnislega samstæða heild og eru þá dregnar saman í einni yfirlitsritgerð þar sem þær eru settar í efnislegt samhengi og heildarniðurstöður eru dregnar fram. Þegar doktorsritgerð er samsett með þessum hætti skulu allar greinarnar hafa birst á viðurkenndum ritrýndum vettvangi eftir að doktorsnemi innritaðist til doktorsnáms við lagadeild Háskólans í Reykjavík, með samþykki leiðbeinanda, og áður en ritgerðin er lögð fram til varnar.

Doktorsnemi skal skila doktorsritgerð sinni til rannsóknarráðs í 4 eintökum. Við frágang á doktorsritgerð skal fylgt hefðbundnum vinnubrögðum um frágang slíka ritgerða og meðferð heimilda. Hafa skal til hliðsjónar leiðbeiningarrit um frágang og skil ML ritgerða við lagadeild. Rannsóknarráði og/eða leiðbeinanda er heimilt að útfæra nánar verklagsreglur og leiðbeiningar um frágang og skil á doktorsritgerðum sem doktorsnema er þá skylt að fylgja.

Doktorsnefnd leggur mat á ritgerðina og skilar rökstuddu álitni til rannsóknarráðs um það hvort doktorsnemi fái kost á að leggja ritgerð fram til varnar. Skal það einungis leyft ef líklegt þykir að ritgerðin uppfylli kröfur deildarinnar. Að öðrum kosti er heimilt að gefa nema frest í 3 – 6 mánuði til að gera úrbætur áður en doktorsnefnd metur ritgerðina að nýju. Slíkur frestur að undangengnum skilum skal aðeins veittur einu sinni.

Telji doktorsnefnd ritgerð tæka til varnar fer fram opinber doktorsvörn fyrir doktorsnefnd. Heimilt er að tilnefna auk þess einn eða fleiri andmælendur sem taki þátt í doktorsvörn með doktorsnefnd. Við vörn skal doktorsnefnd leggja mat á efni ritgerðar annars vegar og vörn nemanda hins vegar. Lokaútgáfa ritgerðarinnar skal staðfest af doktorsnefnd eftir að tekið hefur verið tillit til athugasemda við vörn.

Að lokinni doktorsvörn tekur doktorsnefnd ákvörðun um veitingu doktorsgráðu. Doktorsgráðu má því einungis veita að nemandi hafi unnið sjálfstæðar frumlegar rannsóknir er hafi nægjanlegt nýnæmi og vísindalegt gildi og séu af nægu umfangi til þess að verðskulda gráðuna.

8. gr. Samstarf um doktorsnám

Lagadeild HR er heimilt að gera samninga við aðra háskóla um samstarf á sviði doktorsnáms. Í þeim tilvikum skal einnig gera samning um samstarf varðandi einstaka nema. Reglur þessar gilda einnig um doktorsnám á grundvelli slíkra samninga.

Ef samið er um að aðalleiðbeinandi viðkomandi doktorsnema starfi við samstarfsskólann, og uppfylli hann kröfur þær sem báðir skólar gera til aðalleiðbeinanda, er heimilt að víkja frá kröfu um að leiðbeinandinn sem kemur frá HR hafi doktorsgráðu.

Breytingar samþykktar á deildarfundi lagadeildar 7.3.2012